

Bjarni blindi endurskrifað



Það er sjaldgæft að fólk sem er blint sé einnig **skyggn** og þó eru til undantekningar eins og kemur fram í þessari sögu. Það var eitt sinn maður sem kallaðist Bjarni blindi. Hann hafði orðið fyrir aðsókn drauga en var að mestu laus við drauginn og með því var hann einnig rólegri í skapinu en áður. Þó hafði hann orðið blindur af **viðureign** sinni við drauginn og stundum átti hann til að **missa vitið**. Þegar Bjarni var orðin svo gamall að hann gat ekki haldið áfram að vinna þá var hann leiddur á milli bæja og fólkið skiptist á að hugsa um hann.

Það var eitt skiptið sem hann kom til séra Hannesar, sem er faðir Dr. Schevings, á Helgastöðum í Þingeyjarsýslu og bjó hjá honum um veturinn. Meðan Bjarni **dvaldi** á Helgastöðum, þá kom hann eitt sinn að prestssonunum, Hallgrími og Lárusi, í feluleik með tveimur öðrum strákum frammi í bæjardyrnum. Feluleikurinn var á þá leið að þeir földu sig í **skála** sem var framarlega í bænum. Inni í skálanum var **koldimmt** og var hann að mestu auður fyrir utan stoðir, sperrur og bita sem voru hátt uppi **rjáfrinu**. Þó **myrkt** væri í skálanum þá bundu þeir fyrir augun á þeim sem átti að leita og héldu tveir í hann á meðan einn þeirra var að fela sig. Það mátti fela sig hvar sem var í skálanum, á gólfinu, uppi á bitunum eða hanga á áreftinu ef maður gat það, en sá sem var að leita þurfti ekki að **þreifa** á þeim sem hann leitaði að heldur var nóg að segja til hvar hann væri. Bjarni blindi kom nú að drengjunum þar sem þeir voru í feluleik og bauðst til að leita að þeim sem þeir myndu **kjósa** til að fela sig. **Drengirnir** kusu Hallgrím til að fela sig af því þeir vissu að hann var léttastur af þeim, hann gat farið upp um alla bita og hangið í áreftinu. Meðan Hallgrímur var að fela sig, héldu hinir Bjarna blinda og voru með sömu aðferðir og áður. Bjarni blindi fór svo að leita, þegar hann kom inn á skálagólfið þar sem Hallgrímur hékk upp yfir í rjáfrinu, kallaði Bjarni blindi upp og sagði að Hallgrímur væri þar, þó hann næði ekki til hans. Drengjunum fannst að Bjarni blindi hefði fundið Hallgrím of auðveldlega og ákváðu að reyna aftur. Í seinna skiptið hélt Hallgrímur niðri í sér andanum eða andaði eins lágt og hann gat, því drengina grunaði að Bjarni blindi hefði heyrt í **andardrættinum** hans. En allt fór eins og áður, Bjarni blindi nam þar staðar á skálagólfinu sem Hallgrímur hékk upp yfir. Þótti þá drengjunum þetta ekki vera **tilviljun** og spurðu hann af hverju hann væri svona **naskur** í að finna Hallgrím. *Bjarni blindi sagði þeim þá að **hvítabjarnarhúnn** hefði staðið á gólfinu þar sem að Hallgrímur hefði verið að fela sig í rjáfrinu og væri það **fylgjan** hans. En Dr. Scheving heldur enn að þegar Bjarni blindi varð blindur þá hafi **skerpst** á hinum **skilningarvitunum**.* Bjarni blindi hafi því heyrt hvar hann væri að fela sig þó að hann hafi haldið niðri í sér andanum.